



Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda *	FLAK ehf.
Kennitala *	4603200380
Heimilisfang *	Aðalstræti 37
Póstnúmer og staður *	450 Patreksfjörður
Símanúmer *	8492704
Netfang *	flak@flakflak.is
Umsjónaraðili	Guðný Gígja Skjaldardóttir
Samstarfsaðilar	
Heiti verkefnis *	Fyrirlestur um jákvæða karlmennsku á FLAK
Lýsing verkefnis eða viðburðar *	Hér fyrir neðan er Styrkbeiðni til Vesturbyggðar vegna fyrirlesturs á FLAK um Jákvæða Karlmennsku þann 7. apríl.

Með reglulegu millibili yfir árið höfum við á FLAK reynt að standa fyrir svokölluðum „súpufundum“ þar sem valdir gestir úr ýmsum áttum, þó aðallega af svæðinu flytja erindi, segja sögur eða halda fyrirlestur um margs konar málefni. Í ár langar okkur að breyta aðeins til, fækka fundunum en hafa viðameiri viðburði og flytja inn stærri nöfn til að halda fyrirlestra um hin ýmsu samfélagslega mikilvægu málefni á borð við umhverfismál, andlega og líkamlega heilsu, jákvæða líkamsímynd, kynheilsu, feminisma og jákvæða karlmennsku.

Fræðslufundir sem slíkir eru frábær vettvangur til þess að styrkja samfélagið, virkja umræður um hin ýmsu málefni, víkka sjónvildarhringinn og ýta undir tengslamyndun og samveru. Við teljum að svona fræðsla geti átt þátt í því að stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu okkar og viljum við gera okkar besta í því að leggja okkar af mörkum í þeim efnum.

Þorsteinn V. Einarsson ber ábyrgð á og hefur umsjón með „Karlmennskan“ en hann er til að mynda menntaður kennari með meistaraáráðu í kynjafræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað við fyrirlestra, pistla og greinaskrif, fræðslumiðlun á samfélagsmiðlum og þáttagerð um karlmennsku og jafnréttismál.

Megin markmið „Karlmennskan“ er að varpa ljósi á íhaldssamar ráðandi karlmennskuhugmyndir, hreyfa við þeim, skapa jákvæðri karlmennsku frekari sess og styðja í leiðinni við jafnrétti í íslensku samfélagi.

Lesi má meira um hann og hans verkefni hér: www.karlmennskan.is en Þorsteinn heldur úti heimasíðu sem heldur utan um hans efni.

Fyrirlesturinn verður opinn öllum og aðgangur ókeypis.

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Áætlaður kostnaður: 400.000.
Fyrirlestar, ferðakostnaður, gisting og upphald fyrir tvo fyrirlesara á vegum Karlmennskunnar ásamt eigin vinnu.

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Frítt verður inn á fyrirlesturinn.
Lionsmenn hafa þegar samþykkt að styrkja verkefnið um 175.000kr og fá í leiðinni að njóta

góðs af komu „Karlmennskunnar“ og fá fyrirlestur fyrir Lionsmenn á lokuðum fundi í bíóinu.

Styrkupp hæð *

100000

Reikningur *

0153-26-200035

Fylgigögn

Fylgigögn

Fylgigögn

Undirskrift / Dags

**Dagsetning og undirskrift
umsækjanda**

07/03/2021 - Guðný Gígja Skjaldardóttir